

Byggðastofnun

Athugasemdir og ábendingar vegna skýrslu um greiningu á meginvalkostum stofnunarinnar.

Byggðastofnun

Athugasemdir og ábendingar vegna skýrslu um greiningu á meginvalkostum stofnunarinnar.¹

Í framhaldi af gerð skýrslu um greiningu á meginvalkostum Byggðastofnunar og skoðunar á henni óskaði stjórn stofnunarinnar eftir að Ernst & Young hf. færi yfir ákveðin atriði sem fram koma í skýrslunni og gerði athugasemdir eftir því sem tilefni væri til.

Skoðun okkar beinist einkum að tveimur atriðum. Annarsvegar ráðstöfun sérstakra framlaga ríkissjóðs og áhrifa þeirra á eigið fé stofnunarinnar og hinsvegar útlán og afskriftareikning útlána² og áhrif afskriftareikningsins á fjárhagsstöðu stofnunarinnar.

Sérstök framlög ríkissjóðs

Sérstökum framlögum ríkissjóðs hefur í nær öllum tilvikum verið varið til hlutafjárkaupa, þar sem Byggðastofnun er að fjármagna tiltekin verkefni. Einnig hefur sérstökum framlögum verið varið í styrkveitingar. Framlög sem varið er til styrkveitinga hafa ekki áhrif á eigið fé stofnunarinnar. Framlög til hlutafjárkaupa hafa hinsvegar áhrif til hækkunar eiginfjár, þar sem þau eru tekjufærð að fullu þegar þau eru veitt. Fjárfesting í hlutabréfum er almennt í eðli sínu áhættusöm fjárfesting. Byggðastofnun fjárfestir ekki í félögum á markaði, heldur félögum sem eru fjárfurfi og vantar aðstoð til að hrinda í framkvæmd tilteknum verkefnum. Fjárfesting í félögum á almennum markaði er almennt töluvert áhættuminni en þær fjárfestingar sem Byggðastofnun leggur í. Það væri því raunsærra að líta á fjárfestingar Byggðastofnunar í hlutafé sem styrkveitingu, heldur en fjárfestingu til að hagnast á. Þau verkefni sem Byggðastofnun fjárfestir í og skila arði, gefa stofnuninni að sjálfsögðu byr. En þau verkefni sem ganga illa og verður að afskrifa skýra á engan hátt fjárhagsvanda stofnunarinnar, eins og fram kemur í skýrslu Stjórnháttu ehf., enda er hér um sérstök framlög af hálfu ríkisins að ræða. Sérstök framlög ríkissjóðs til hlutafjárkaupa hafa þannig í raun engin áhrif á eigið fé, frekar en styrkveitingar, ef stofnunin neyðist til að afskrifa hlutaféð.

Útlán og afskriftareikningur útlána

Í skýrslu Stjórnháttu ehf. koma fram staðreyndavillur varðandi útlán og afskrifta-reikning útlána, þar sem verið er að tiltaka ýmsar fjárhæðir, hlutföll og áhrif. Mikilvægustu villumar verða raktar hér á eftir og jafnframt verður gerð grein fyrir hinu rétta. Er hér aðallega vísað til kafla 3.5 Afskriftir, í skýrslunni. Tímabilið sem fjallað er um eru árin 1995 til 2004.

¹ Skýrslan var unnin af Sigurði Helgasyni, Stjórnháttum ehf., að beiðni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og undirrituð þann 5. maí 2005.

² Í skýrslunni er talað um afskriftarsjóð, en að okkar mati er ekki um að ræða sjóð heldur sérstakan mótreyking til jöfnunar stöðu (e. contra account).

1. Fram kemur á bls. 27 að Bygðastofnun hafi tapað að meðaltali um 23% af útlánnum á tímabilinu 1995 – 2004.
 - Hið rétta er að stofnunin hefur að meðaltali tapað um 3,6% af útlánnum á tímabilinu, sem gera að meðaltali rúmlega 361 milljón kr. á ári.
 2. Fram kemur á bls. 27 að hlutfall tapaðra útlána hafi vaxið undanfarin ár og hafi verið yfir 50% árið 2004.
 - Hið rétta er að hlutfall tapaðra útlána af heildarútlánnum hefur sveiflast nokkuð á tímabilinu, en ef litið er á tímabilið frá byrjun (1995) til loka (2004) þá hefur hlutfallið farið úr 3,9% í 6%.
 - Að hlutfall tapaðra útlána hafi verið yfir 50% árið 2004 er engan vegin rétt, þar sem það var 6%. Ef stofnunin hefði tapað 50% útlána þýðir það að hún hafi tapað tæpum 5,7 milljörðum kr., en hún tapaði 686 milljónum kr. af útlánnum sínum.
 3. Fram kemur á bls. 27 að framlög í afskriftareikning hafi verið mjög há undanfarin fjögur ár eða um 30% að jafnaði.
 - Hið rétta er að framlög í afskriftareikning voru að meðaltali 3,8% af heildarútlánnum síðustu fjögur árin.
- Af ofangreindum þremur liðum eru dregnar þær ályktanir á bls. 27, að stofnunin hafi tekið mikla áhættu í lánveitingum sínum og að sterk vísbending um að áhætta vegna eldri lána hafi verið mjög vanmetin.
- Hið rétta er að áhætta í lánveitingum er mjög meðvituð og rétt metin þar sem meðtalt framlags í afskriftareikning og endanlegra afskrifta er nánast það sama yfir tímabilið 1995 - 2004.
4. Fram kemur á bls. 28 að afskriftareikningurinn hafi lengst af verið um eða yfir 1,5 milljarður kr.
 - Hið rétta er að afskriftareikningurinn var um eða yfir 1,5 milljarður í 3 ár af þeim 10 sem voru skoðuð, þ.e. árin 2001 – 2003.
 5. Fram kemur á bls. 28 að þrátt fyrir að háar upphæðir hafi verið lagðar inn á afskriftareikninginn undanfarin ár hafi það ekki dugað til að greiða þau miklu útlánatöp sem Bygðastofnun hefur orðið fyrir.
 - Þetta er með öllu óskiljanlegt þar sem allir útreikningar benda þvert á móti til þess að afskriftareikningur útlána sé nákvæmlega rétt metinn. Ef einstök ár eru skoðuð kemur í ljós að framlag í afskriftareikning er stundum hærra en endanlegt tap og stundum lægra. Þetta er eðlilegt þar sem endanleg staða afskriftareikningsins á að vera lýsandi fyrir það tap sem stofnunin gæti staðið frami fyrir, en ekki hvort framlagið er hærra eða lægra en endanleg afskrift.

Af hlutföllunum og fjárhæðunum eru dregnar ályktanir og settar fram staðhæfingar í skýrslunni. Samkvæmt skýrsluhöfundi er megin ástæða fjárhagsvanda stofnunarinnar að of mikil áhætta hafi verið tekin í útlánum og áhættan vanmetin þegar lánin voru veitt (sjá bls. 40 og 41 í skýrslunni). Þetta er alrangt og stenst engan vegin þar sem framlög í afskriftareikning og endanlega afskrifuð útlán eru nánast sama talan tímabilið 1995 – 2004. Þessi staðreynd gefur til kynna að áhættan hafi verið rétt metin og að hlutaðeigandi aðilar hafi verið meðvitaðir um hana á öllum tímum. Meginskýringin á fjárhagsvanda stofnunarinnar er miklu fremur sú að vegna þessara breytinga sem orðið hafa í rekstrarumhverfinu eru viðskiptamenn stofnunarinnar áhættusamari skuldarar, sem gerir það að verkum að endanlega töpuð útlán hafa hækkað og eru of há.

Reykjavík, 30. nóvember 2005

Virðingarfyllt,

Árni Snæbjörnsson,
endurskoðandi